

131
20. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um útmælingu á lóð undir verzlunarhús í löggiltu kauptúni. — Í þóknanlegu brjefi frá 9. okt. p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá álitu yðar um erindi Jakobs kaupmanns Helgasonar í Reykjavík, er yður var sent til umsagnar, þar sem hann ber sig upp undan því, að sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafi færst undan að verða við ósk hans um að fá útmælda lóð á Vopnafirði undir verzlunarhús.

Þjer hafið getið þess, að verzlun Örum & Wulffs hafi leigt alla þá lóð á Vopnafirði, sem hægt er að nota undir verzlun, þar sem eigi væri nein nýtileg lending annarstaðar við fjörðinn, og að ef útmæla skyldi lóð þar undir nýja verzlun yrði að taka lóð frá Örum & Wulff, en yður hefir virzt eigi vera heimild til þessa í lögum þeim, sem löggilda staði sem kauptún, þarsem þau þá einnig væru expropriationslög. Þjer hafið þessvegna komizt að þeirri niðurstöðu, að Jakob Helgason geti eigi mót vilja Örum & Wulffs fengið hina umbeðnu útmælingu.

Jeg verð nú samt sem áður, samkvæmt þeim skilningi á löggildingarlögum, sem áður hefur verið fylgt, sjá t. d. landshöfðingjabrjef 30. sept. 1876, að álíta, að ekki sje næg ástæða til að neita Jakobi Helgasyni um útmælingu þá, sem hann hefur æstt eptir á Vopnafirði, þó á þeim stað þarsem bygging hans eigi kemur í bága við *verzlunarafnot* Örum & Wulffs af landinu, og eptir því, sem ráða má af brjefi sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, er fylgdi ofanefndu brjefi yðar, notar Örum & Wulffs verzlun ekki alla hina leigðu lóð í þarfir verzlunarinnar, en það er vitaskuld, að verzlunarhúsið Örum & Wulff getur, ef því þykir sjer órjettur gjör með byggingu Jakobs Helgasonar, komið spurningunni um rjett sinn í þessi efni undir úrlausn dómstólanna.

Jeg vil þessvegna samkvæmt framanskrifuðu þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslumanninn í Norðurmúlasýslu að framkvæma hina umbeðnu útmælingu úr landi því, er verzlunarhúsið Örum & Wulff hefur leigt, en það eigi getur álitizt þurfa í þarfir verzlunarinnar, og ber honum þá um leið að ákveða hæfilegt árlegt gjald til landeiganda fyrir hið útmælda svæði.

132
31. des.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um vaxtagreiðslu og afborgun láns til brúargjörðar yfir Skjálfafljót. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. okt. p. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að á síðastliðnu sumri hafi að mestu verið lokið við brúargjörð þá yfir Skjálfafljót, er lög frá 27. febr. 1880 gjöra ráð fyrir, og spurst fyrir um það fyrir hönd amtsráðsins í norður- og austuramtinu, hvernig nefndum lögum, er veita alt að 20000 kr. lán til brúargjörðarinnar, muni verða framfylgt að því leyti er snertir ákvarðanir laganna um vaxtagreiðslu og afborgun lánsins, en það hefur eigi verið útborgað úr landssjóði í einu, heldur smátt og smátt og eptir því sem þörf hefur verið til verið ávísað amtsráðinu eða umboðsmanni þess við brúargjörðina, Tryggva alþingismanni Gunnarssyni, að nokkru úr jarðabókarsjóði og að nokkru úr aðalfjehirzlunni í Kaupmannahöfn. Hafið þjer í þessu efni lagt það til, að þau 3 ár, sem lánið samkvæmt ofanefndum lögum má vera vaxtalaust, verði talin frá þeim tíma, þegar síðast verður borgað nokkuð úr landssjóði uppí lánið, en þangaðtil skuli greiddir 4 af hundradi í vöxtu á ári af hinum ýmsu útborgunum frá þeim degi, sem hver þeirra átti sjer stað.

Í tilefni af þessu undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til